

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga - R-19080069

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. ágúst 2019, varðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði fyrir foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga. Það upplýsist hér með að fyrirspurnin ásamt svari sviðsstjóra var tekin fyrir á fundi velferðarráðs 9. október síðastliðinn og sendist hér meðfylgjandi ásamt bókunum fulltrúa ráðsins.

Virðingarfyllst

Dís Sigurgeirsdóttir

Hjálagt:
Svar sviðsstjóra við fyrirspurn, dags. 9. október 2019
Bókanir fulltrúa velferðarráðs á fundi 9. október 2019



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Húsnæði fyrir fatlað fólk – R19080069*

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins er í sambandi við all marga foreldra fatlaðra einstaklinga sem segjast vera úrvinda vegna langrar biðar eftir sérstöku búsetuúrræði. Fullorðnir einstaklingar með fötlun eru heima hjá foreldrum sínum í sumum tilfellum þar sem foreldrar geta engan vegin sinnt þeim ýmist vegna fötlunar þeirra eða veikinda foreldranna. Hér er verið að brjóta á rétti fatlaðs einstaklings sem á rétt á viðeigandi þjónustu frá borginni. Á sumum heimilum eru síðan yngri systkini sem farin eru að sýna streitu- og vanlíðunareinkenni vegna aðstæðna. Þetta fólk hefur verið að banka upp á svo mánuðum og jafnvel árum skiptir í þeirri von að fá sérstakt búsetuúrræði fyrir fullloðin fötluð börn sín. Hvað eiga þessir foreldrar að gera í þessari stöðu? Borgin hefur nýlega keypt hús á Hringbraut fyrir fatlaða einstaklinga og því ber að fagna. En betur má ef duga skal. Það vantar búsetuúrræði fyrir 180 manns. Þessi málaflokkur er í lamasessi og ef litið er til síðustu ára hefur hann verið meðal þeirra sem stillt er upp aftast í forgangsröðuninni.

Svar

Þann 24. ágúst 2017 samþykkti borgarráð uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlaða einstaklinga. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum frá árinu 2018 til ársins 2030. Í áfanga I (2018 - 2020) er gert ráð fyrir 80 – 90 íbúðum. Í áfanga II (2021-2025) 42 – 50 íbúðum og í áfanga III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðum. Í heildina eru þetta 157 – 183 íbúðir.

Í október 2019 eru 168 einstaklingar 18 ára og eldri á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Á tímablinu 2016-2030 er verið að byggja eða kaupa húsnæði fyrir 205 til 229 fatlaða einstaklinga. Er þá bæði um að ræða íbúðir í íbúðakjörnum og stakar íbúðir. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað á þessu tímabili. Ráðgjafar eru í sambandi við þá sem hafa sótt um húsnæði fyrir fatlað fólk og á meðan biðtíma stendur er reynt að mæta þörfum hvers og eins með stuðnings- og heimaþjónustu.

Velferðarráðsfundur 9. október 2019 - Lagt fram svar sviðsstjóra við fyrirspurn um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga

5. Lagt fram svar sviðsstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sem lögð var fram í borgarráði 15. ágúst 2019 og vísað til meðferðar velferðarráðs, um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 að undangenginni ítarlegri þarfagreiningu sem nú nær til allra sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Áætlunin hefur verið að fullu fjármögnuð. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hefur verið fordæmalaus uppbygging á búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað í nýtt húsnæði, auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað. Bæði er um nýbyggingar, endurbætur og kaup á húsnæði að ræða, allt til að mæta þörf hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er sláandi hvað margir fatlaðir bíða eftir húsnæði eða 168 einstaklingar og að frá 2016 hafi einungis 52 fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Þetta sýnir glögg að allt of lítið hefur verið byggt af húsnæði fyrir þennan hóp. Hann hefur bersýnilega ekki verið í neinum forgangi ella biðu nú ekki 168 einstaklingar 18 ára og eldri eftir húsnæði. Hér þarf að gera breytingar, þennan biðlista verður að stytta, helst útrýma enda ekki eðlilega langur í borg sem státar af hagnaði og er stýrð að jafnaðarflokkum eins og Samfylkingu og VG. Það er oft gríðarálag á þeim sem bíða eftir húsnæðinu og fjölskyldum þeirra. Hér er verið að tala um fullorðna einstaklinga sem eiga rétt á að fá húsnæði við sitt hæfi til að geta lifað sínu persónulega lífi. Talað er um í umsögninni við fyrirspurninni um húsnæði sem hefur losnað. Borgarfulltrúa Flokks fólksins fýsir að vita nánar um það, í hvaða tilfellum eru íbúðir að losna?